



www.orkis.is

FRÉTTABRÉF

ORKIS – Orka Íslands – Energy Cluster Iceland



Rey
Sjálfbærni
Aflvaki
Ávinningur
Framsækni
Vettvangur
Rannsóknir
Tímamót

Tímamót



Mynd fengin af vef Ráðuneyðisins.
f.h. Lilja Magnúsdóttir HS ORKA, Ráðherra Jóhann Páll Jóhannsson, Hera Grímsdóttir, Orkuveitan og Bjarni Pálsson, Landsvirkjun

Þann 10. maí sl var undirritaður samstarfssamningur um þriðju djúpnýtingarholu Iceland Deep Drilling Project (IDDP-3), sem boruð verður á Nesjavöllum í árslok.

Hér er um að ræða tímamót í íslenskrari jarðhitanýtingu. Að baki verkefninu standa **Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Orkuveitan, Landsvirkjun og HS Orka**.

Markmiðið er stórtækt og það er að beisla ofurheitan jarðhita, þar sem hitastig fer yfir 350–400°C. Ætlunin er að vinna raforku úr hitanum með margfalt meiri afköstum en í hefðbundinni háhitanýtingu.

Þetta er ekki einungis íslenskt verkefni. Ef IDDP-3 skilar árangri gæti það breytt forsendum jarðhitanýtingar á heimsvísu og ýtt undir orkuskiptabyltinguna.

Hér er enn eitt dæmið þar sem Íslendingar sýna umframhæfni sína á sviði jarðvarma og eru hér að sækja enn frekar fram. Hlökkum til að fylgjast með framvindunni.

ORKIS, ORKA ÍSLANDS - SAMEINAD AFL TIL FRAMTÍÐAR

Á aðalfundi okkar 27..4. var vettvangurinn okkar sameinaður GEORG og Íslenskrí Nýorku og hlaut nafnið **ORKIS, Orka Íslands (e. ORKIS Energy Cluster Iceland)**. ORKIS er sameinaður vettvangur mótaður til að leiða orkuframtíð Íslands undir einu nafni ORKIS.

Vettvangurinn og nafnið endurspeglar íslenska sérþekkingu, öflugt tengslanet í íslensku atvinnulífi og drifkraft nýsköpunar, til að umbreyta þekkingu í verðmæti og áhrif, hér heima og á alþjóðavettvangi. ORKIS starfar á þremur megin sviðum:

- **Vistkerfi** (Ecosystem) þar sem samstarfsaðilar eru virkjaðir, nýir aðilar velkomnir og vinnuhópar, viðburðir og alþjóðleg klasatengsl þróuð.
- **Verkefnastofa** (Projects) sem nær yfir styrkt verkefnastarf, umsóknir í sjóði og verkefnastjórnun, með áherslu á að brúa bil rannsókna og atvinnulífs.
- **Orkuskipti** (Programs) sem tengir saman stjórnvöld, atvinnulíf, rannsóknir og nýsköpun í kringum orkuskipti á Íslandi.

AÐALSTJÓRN



Árni Hrannar
Haraldsson, ON
formaður



Pétur H Pétursson,
Arionbanki
Varaformaður



Kristín
Steinunnardóttir
ritari



Carine Chatney
Verkis



Kristján
Guðmundsson
Landsvirkjun



Deirdre Clark
ÍSOR



María S Guðjónsdóttir
Háskólinn í Reykjavík

VARAFULLTRÚAR STJÓRNAR



Steinþór Gíslason
EFLA



Kristín Soffía
Jónsdóttir
Rarik



Yngvi
Guðmundsson
HS Orka

STJÓRN
ORKIS

2026-2027

Ný stjórn sameinaðsfélags undir nafni ORKIS tók við á aðalfundi vettvangsins sem fram fór 27.apríl sl.

Fullrúar stjórnar verða nú 7 aðalmenn og 3 varamenn og eru það þeir sem hér eru listaðir til hliðar.

Hér er linkur á [ársskýrslu 2025](#)

KVEÐJA FRÁ NÝJUM FORMANNI

Kæru aðildarfélagar ORKIS,

Það er mér mikill heiður að taka við formennsku í ORKIS, sameinuðum vettvangi Orkuklasans, GEORG rannsóknarklasa í jarðvarma og Íslenskrar Nýorku. Með sameiningunni skapast einstakt tækifæri til að byggja upp enn sterkari heild utan um samfélag orkutengdrar starfsemi, vettvang þar sem þekking, reynsla og framtíðarsýn mætast.

Við lifum á spennandi tímum þar sem hraðar breytingar í orkumálum kalla á nýja hugsun og auknið samstarf. Orkuskipti, loftslagsáskoranir, tæknibreytingar og aukin alþjóðleg samkeppni gera meiri kröfur en áður um getu okkar til að vinna saman þvert á greinar, fagstéttir og stofnanir. Þar liggur einn stærsti styrkur ORKIS.

Það er mín sannfæring að raunverulegar framfarir verði til þar sem ólík sjónarhorn mætast. Þegar atvinnulíf, rannsóknarsamfélag, frumkvöðlar, opinberir aðilar og fjárfestar vinna saman skapast jarðvegur fyrir nýjar lausnir og eflst samkeppnishæfni. Þverfaglegt samstarf er því ekki aðeins mikilvægt – það er forsenda þess að við getum skapað okkur raunverulegt þekkingarforskot.



Ísland hefur einstaka stöðu á alþjóðavísu þegar kemur að þekkingu og reynslu á sviði endurnýjanlegrar orku. En til að halda þeirri stöðu þurfum við stöðugt að efla tengingar, deila þekkingu hraðar og skapa umhverfi þar sem hugmyndir geta þróast í verðmæti. Hér mun ORKIS gegna lykilhlutverki sem sameiginlegur vettvangur fyrir samtal, samstarf og framþróun.

Ég hlakka til að vinna með ykkur öllum, aðildarfélögum jafnt sem starfsmönnum, að þeirri vegferð sem framundan er. Með virkri samvinnu, metnaði og skýrri framtíðarsýn getum við byggt upp öflugt vistkerfi um íslenska orkutengda starfsemi og skapað samkeppnislegt forskot og auknið verðmætasköpun sem mun skipta sköpun þegar horft er til framtíðar, íslensku samfélagi til heilla.

Kveðja,
Árni Hrannar formaður ORKIS, Orku Íslands



ÖFLUG ÁSÝND Á WGC 2026

Sérfræðingar ORKIS munu hafa sterka aðkomu á alþjóðaráðstefnu jarðhitageirans, World Geothermal Congress sem haldin verður í Calgary, Canada í byrjun júní.

Um er að ræða verkefni sem GEORG hefur stýrt og eru nú undir sameinaðs vettvangs ORKIS. Við viljum hvetja alla sem verða á WGC að taka þátt í þessum spennandi viðburðum.



Symposium on Geothermal Storage (UTES) Ahead of the World Geothermal Congress 2026

Time & Date: 12:30-17:30 on 7 June 2026
Venue & Room: Glen 204, Calgary Telus Convention Centre, Calgary, Canada
Registration: <https://forms.office.com/e/kLDRxv6XCS>

12:30 Lunch & Registration

13:00 Welcome & Introduction

Chairs of the GEOTHERMICA Initiative & IEA Geothermal

13:15 Session I: Geothermal Storage (UTES) Strategies & Policies

Geothermal Storage in Europe - Overview

Robin Horsmans, Advisor Energy Innovation, Netherlands Enterprise Agency

Geothermal Storage in Canada - Overview

Andrew Wigston, Senior Geoscientist, NRCan Natural Resources Canada

Geothermal Storage in the United States - Overview

Erik Witter, Geoscience Researcher, NLR National Laboratory of the Rockies

Geothermal Storage in South Korea & Regions in Asia - Overview

Byoung Ohn Shim, KIGAM Korea Institute of Geoscience & Mineral Resources

Geothermal Storage: Hot & Cool!

Sarah Kantrowitz, Process Architect, Karstov Izvor Cooperative

15:00 Coffee Break

15:30 Session II: International Showcase Projects

Drake Landing, Next Generation Borehole Thermal Energy Storage, Canada

James Bererton, CIO & Evan Ericson, Director Strategy & Operations, THERMAstor

Delft Large Scale Aquifer Thermal Energy Storage, Netherlands

Martin Bloemendaal, Associate Professor - Underground Thermal Energy Storage, TU Delft

Bochum Mine Thermal Energy Storage, Germany

Florian Hahn, Fraunhofer Research Institution for Energy Infrastructures IEC

Reservoir Thermal Energy Storage for Datacentres

Randal Wichuk, CEO & Daniel Alonso, Principal Geoscientist, Teverra

17:00 Panel Discussion - Geothermal Storage is Key!

17:30 End of Workshop

Skráning er hér: <https://lnkd.in/ergqBrz>

Websites: www.iea-gea.org & www.geothermica.eu

Storage is key!



Workshop on Superhot Geothermal Energy World Geothermal Congress 2026

Date & time: Tuesday, 9th of June, 14:00-17:30

Venue & Room: Macleod E3, Calgary TELUS Convention Centre, Calgary

Registration: <https://forms.office.com/e/ebCnRY83eQ>

Introduction - Krafla Magma Testbed

Björn Guðmundsson, CEO Krafla Magma Testbed

Superhot Environment: Science Perspective

Paolo Papale, Research Director, INGV

Superhot Geothermal: Industry Perspective

Sigurður Markússon, Leader Deep Geothermal, Reykjavík Energy

Panel Discussions - Collaboration Between Industry & Science

Moderator: Marlène Villeneuve, Associate Prof. Technical Uni. of Leoben

Potential for Superhot Geothermal in Canada

Richard Hawker, President, Meager Creek Development Corporation

Panel Discussions - International Collaboration on Superhot Geothermal

Moderator: Stephanie Vetsch, Director North America, EAPOSYS Canada

Networking



Skráning er hér: <https://forms.cloud.microsoft/e/ebCnRY83eQ>



Join the GEOTHERMICA Initiative in a Dialogue on International Collaboration

The GEOTHERMICA Initiative invites public authorities (regional, state & federal) to participate in a dialogue on international collaboration on the advancement of geothermal energy at the World Geothermal Congress in Calgary. Light lunch will be served.

Discussions will focus on:

- The importance of public collaboration for the advancement of geothermal energy;
- Coordination of strategies and policies;
- Knowledge-sharing across borders;
- Introduction of the GEOTHERMICA Initiative.

Date: Thursday, 11th of June

Time: 12:15-14:30

Venue: Calgary Telus Convention Centre

Please RSVP here:

<https://forms.office.com/e/fuMbztzaan>

Skráning er hér: <https://forms.cloud.microsoft/e/fuMbztzaan>



WEBSITE: WWW.GEOTHERMICA.EU | EMAIL: INFO@GEOTHERMICA.EU




ICELAND GEOTHERMAL CONFERENCE

Reykjavík • Harpa • 25–27 May, 2027

Undirbúningur 6. IGC - Iceland Geothermal ráðstefnunnar okkar er í fullum gangi og verður haldin 25–27.maí 2027. Fagnefndin hefur unnið hörðum höndum í vetur og stýrihópur um nýsköpunarverðlauna ráðstefnunnar einnig.

Fulltrúar í fagnefnd IGC2027



Áherslur IGC2027

- **Derisking Geothermal**
- **Geothermal in Practice**
- **Next Generation Geothermal**
- **Geothermal for All**



Búið er að opna fyrir móttöku ágrípa (abstracts) og viljum við hvetja aðildarfélaga hvar sem er úr virðiskeðjunni að senda inn og freista þess að fá sviðið til að koma sínum lausnum, leiðum og eða reynslu á framfæri. Sendu inn abstract [hér](#)

HS ORKA

HS ORKA leiðir verkefnið sem platinum partner IGC 2027 en auk þeirra hafa nú þegar nokkrir staðfet og þeir eru

Gull partner



Silfur partnerar



Brons partnerar



Iceland Geothermal Conference

INNOVATION AWARD

Markmið viðurkenningarinnar er að Verðlaunaframúrskarandi tæknilegum nýjungum og nýsköpunarverkefnum í jarðhita. Stýrihópur IGC Innovation Award hafa einnig unnið ótulllega að undirbúningi frá áramótum enda í mörg horn að líta. Stefnt er að því að aulýsa eftir tilefningum síðla sumars /snemma í haust - ekki seinna vænna en að hefja undirbúning!

Fulltrúar stýrihóps:

- **Lárus Þorvaldsson, HS ORKA**
- **Hörður Harðarson, Arctic Green**
- **Haraldur Hallgrímsson, Landvirkjun**



NÝIR FÉLAGAR

Líkt og áður eru aðildarfélagar ORKIS kjarninn í starfseminni enda liggja þar þekkingarverðmætin sem við viljum styrkja og efla eins og kostur er, byggja brýr að nýjum leiðum og tækifærum sem skapa aukin verðmæti.

Það er okkur önn ánægja að kynna nýja féлага til leiks og það eru Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands sem og tækniþróunarfélagið RAFAL.

Með þessum öflugu nýliðum fáum við verðmæta þekkingu í okkar tengslafjölskyldu sem gefur okkur enn frekari tækifæri til frekari framþróunar, nýsköpunar og verðmætasköpun



Rafal er leiðandi í þróun, framleiðslu og uppbyggingu raforkuinnviða með yfir 40 ára reynslu. www.rafal.is



UNIVERSITY OF ICELAND



AÐILDARFÉLAGAR ORKIS



ÖFLUGT TEYMI ORKIS VÍRAR VEGINN ÁFRAM



Starfsmenn ORKIS eru öflugir sérfræðingar hver á sínu sviði, sem allir búa yfir áratugareynslu og víðtækri þekkingu sem styrkir þá brúarsmíð sem til þarf til efla verðmætasköpun og auka samkeppnishæfni orkutengdrar starfsemi. Þau eru:

Alicja W Stoklosa

Ester S Halldórsdóttir

Jón Björn Skúlason

Marianne Ribes

Rósbjörg Jónsdóttir

DAGSKRÁIN Á NÆSTUNNI

Meðfylgjandi er listi yfir viðburði og fundi sem við hvetjum alla til að skrá sig á og eða taka frá:

**Næst á dagskrá er
1. upplýsingafundur okkar
sem haldinn verður í
Fenjamýri 27. maí þar sem
við förum yfir umgjörðina
og áherslur og tókum
samtalið um hvað þarf!**

[Skrá mig hér](#)

Hér eru viðburðir í dagatalið:

Upplýsingafundur I-III

27.maí 2026

September 2026

Desember 2026

Webinar með Colorado

School of Mines

20 ágúst 2026 tbc

Asset Condition Monitoring and Reliability Seminar

Baker Hughes

15.september 2026

Nýársfundur

14.janúar 2027

Aðalfundur

29.apríl 2027